

Strákurinn og slikkeríið

Ævintýri í tali og tónum eftir Jóhann G. Jóhannsson

Stutt söguágrip

Aðalsöguhetjan er lítill strákur sem dreymir um að eignast sína eigin sælgætisbúð. Hann hefur augastað á gömlu húsi í götunni sinni, en þar var einmitt búð í gamla daga þar sem hægt var að kaupa sælgæti - eða slikkerí eins og það var þá stundum kallað.

Dag einn verður hann þess var að í þetta hús, sem svo lengi hafði staðið autt, er að færast líf. Úti í glugga blasir nú við skilti sem á er krotað: STIGALAUUSA GLUGGAPVOTTAFÉLAGIÐ. Nýju íbúarnir þrír koma brátt í ljós og þeir eru engir venjulegir gluggapvottamenn! Þetta eru stór og tignarlegur pelíkanafugl með risastóran gogg, - lítill og liðugur api - og gíraffafrú sem er svo hávaxin að þegar hún stendur á kjallaragólfinu getur hún gægst út um gluggann á kvistherberginu uppi á þakinu. Atvikin haga því þannig að strákurinn vísar þessum nýju vinum sínum heim að stórri og glæsilegri höll þar sem virðulegur hertogi tekur á móti þeim, alsæll yfir að nú muni hann bráðum geta séð almennilega út um gluggana sína sjöhundruð og tvo!

Gíraffinn, Pelíkaninn og Apinn taka til við gluggapvottinn með ótrúlegum snilldartilþrifum. Þegar búíð er að fylla gogginn af vatni verður Pelíkaninn eins og fljúgandi bali; litli loðni Apinn kafar ofan í vatnið og klifrar svo rennblautur upp á kollinn á Gíraffafrúnni þaðan sem hann hamast á rúðunum eins og sprellfjörug tuska á meðan Gíraffinn færir sig rólega frá einum glugga til annars eins og gangandi stigi. Þegar kemur að því að þvo gluggana á efstu hæðinni, sem eru ekki alveg innan seilingar, grípur hinn hálslangi gíraffi til þvílíkra töfrabragða að ekki er hægt að greina frá þeim hér og nú.

Niðri í hallargarðinum standa Hertoginn og strákurinn og fylgjast hugfangnir með þessum óvenjulegu gluggapvottasnillingum. En þá geysist skyndilega Hertogaynjan veinandi út úr höllinni....

„Innbrotspjófur!“ heyrir hún hrópa.

„Hann hefur látið greipar sópa!“

Pelíkaninn lætur ekki segja sér þetta tvisvar. Án þess að hika leggur

hann sig í stórkostlega hættu og tekst á undraverðan hátt að afstýra því að þjófurinn komist undan með skartgripi frúarinnar. Fyrr en varir er heill flokkur af lögreglu- og sérsveitarmönnum kominn á vettvang...

...því maðurinn sá er enginn meðalkrimmi!

Þetta' er margbrotaskúrkurinn Ormur hinn grimmi!

Og blessuð Hertogaynjan getur nú tekið gleði sína aftur því...

Gimsteina sína í fangið hún fær!

Hún faðmar þá að sér og grætur og hlær

meðan lúpulegan leiðindadurt

laganna verðir færa á burt.

Í þakkarskyni býður Hertoginn Gíraffafrúnni, Pelíkananum og Apanum að búa hjá þeim hjónum í stórri hlöðu á landareigninni, en í staðinn þurfa þau bara að halda gluggunum hreinum á höllinni. Og Hertoginn lætur ekki þar við sitja. Hann býðst til að endurreisa gömlu sælgætisbúðina og innan skamms hefur draumur söguhetjunnar okkar ræst. Strákurinn, sem er kallaður Gotti, hefur eignast sína eigin sælgætisbúð og þar er ekkert venjulegt slikerí til sölu heldur...

bara gott...bara gott...bara GOTT gotteri

og Gotti er eins og kóngur ríki sínu í!

- - -

Þetta ævintýri Jóhanns er byggt á sögu eftir breska rithöfundinn Roald Dahl. Hann er höfundur margra þekktra barnabóka, til dæmis sögunnar um Matthildi, Jóa og risaferskjuna og Kalla og sælgætisgerðina. Nú hefur þessi skemmtilega saga hans verið færð í nýjan búning og þannig fær hún að hljóma á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hún verður sungin og sögð í bundnu máli því sagan er orðin að kvæðabálki og hér fyrir ofan mátti sjá lítil brot úr honum. Í þessu nýja tónlistarævintýri eru fjölmörg sönglög og söngvararnir tveir og kórinn flytja því ævintýrið með hljómsveitinni ýmist í tónum eða tali. Til að auka enn frekar á upplifunina og gera heimsóknina í tónleikasalinn skemmtilegri verður teikningum varpað á stórt tjald ofan við hljómsveitina, en það eru myndir sem snillingurinn Quentin Blake gerði við þessa sögu.

Njótið vel og góða skemmtun!